

AUGLÝSING

57

24. jan.

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjaland.

Hinn 13. janúar 1959 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjaland frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. 1953, A. nr. 53) framlengdur óbreyttur til ársloka 1959. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjaland í Moskva.

Utanrikisráðuneytið, 24. janúar 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

58

17. ágúst

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 21. maí 1959 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1959 til 31. marz 1960. Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári. (Stj.tíð., A. 56/1958).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 17. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

59

20. ágúst

um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 30. júní 1959 skiptust sendiráð Íslands og Spánar í Oslo á erindum, þar sem gert var samkomulag um afnám vegabréfsáritana, enda sé ekki um að ræða dvöl í atvinnuskyni eða lengri tíma en þrjá mánuði.

Samkomulag þetta gekk í gildi 1. júlí 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 20. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.